

## Tillaga til þingsályktunar

### um hringtengingu rafmagns á Vestfjörðum.

Flm.: Bergþór Ólason, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson,  
Haraldur Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að tryggja Vestfirðingum sama afhendingaröryggi rafmagns og öðrum landsmönnum með því að koma á hringtengingu rafmagns á Vestfjörðum.

#### Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var áður lögð fram á 151. löggjafarþingi (829. mál).

Á Vestfjörðum hefur afhendingaröryggi rafmagns lengi verið lakara en annars staðar á landinu. Vestfirðingar eru háðir innflutningi orku af meginflutningskerfi landsins og þaðan fá þeir ríflega 40% þeirrar raforku sem notuð er í landshlutanum. Enginn landshluti á að þurfa að búa við slíkt ástand en þrátt fyrir að margir hagkvæmir virkjunarkostir séu á Vestfjörðum hefur ekki náðst sátt um nýtingu þeirra. Því er nauðsynlegt að tryggja afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum með hringtengingu. Til þessa hafa forsendur útreikninga Landsnets gengið út á að Hvalárvirkjun geti rekið kerfið á Vestfjörðum ef það einangrast frá meginflutningskerfinu án þess að til truflunar komi á afhendingu raforku. Mikil óvissa ríkir nú um virkjun Hvalár og því er nauðsynlegt að koma á öflugri hringtengingu, óháð því hvort af virkjun Hvalár verður eða ekki.

Með hringtengingu er átt við að orka geti borist úr tveimur áttum en ekki einni. Verði bilun á annarri línunni berst rafmagn áfram með hinni. Nú kemur allt aðflutt rafmagn til Vestfjarða með einni línu, Vesturlínu. Hún er rúmlega 161 km löng, milli Hrutatungu og Mjól-kárvirkjunar, og liggur yfir svæði sem er bæði veðurfarslega og landfræðilega erfitt.

Samkvæmt úttekt Vestfjarðastofu er helsti vandi Vestfirðinga í raforkumálum afhendingaröryggi orkunnar en Vestfirðir eru háðir innflutningi á orku af meginflutningskerfi landsins. Tíðar rafmagnstruflanir eru dýrar og standa bæði vexti og rekstri atvinnulífs fyrir þrifum. Fyrirtæki á Vestfjörðum þurfa reglulega að kljást við spennuflökt og útslátt. Spennuflökt veldur umtalsverðu tjóni á viðkvæmum tölvustýrðum vélum og flestum tölvubúnaði. Slíkt kostar fyrirtæki á svæðinu umtalsverðar upphæðir á hverju ári en þegar rafmagn slær út felst alltaf tjón í því fyrir fyrirtækin. Gera má ráð fyrir töf í hvert sinn og á meðan eru flestir starfsmanna verkefnalausir. Síðar þarf að endurræsa vélar og hönnuðir og forritarar þurfa að vinna upp það sem ekki var vistað. Þetta hefur í för með sér vinnutap með reglulegu millibili. Kælar, frystivélar og annar vélbúnaður er sömuleiðis viðkvæmur fyrir flökki á rafmagni.

Vegna fyrirvaralausra bilana og viðhalds á flutningskerfi raforku á Vestfjörðum getur brennsla á dísilolíu í varaafsstöðvum og olíukötlum hæglega numið 500 tonnum á ári. Alvarleg bilun í flutningskerfi Vestfjarða, sem varir dögum saman, getur margfaldað þessa tölu.

Vestfjarðastofa hefur staðfest að aukin eftirspurn verður eftir orku á Vestfjörðum næstu árin vegna fjölbreyttrar starfsemi, svo sem kalkþörungavinnslu, fiskeldis og ferðaþjónustu,

og vegna fjölgunar íbúa samhliða auknum umsvifum í atvinnulífi. Slík uppbygging er háð því að afhendingaröryggi og aðgangur að aukinni orku sé fyrir hendi.

Raforkulög gera skýra kröfu til Landsnets um að kostnaður vegna viðbóta við flutningskerfið sé greiddur á markaðslegum forsendum. Áætlaður kostnaður vegna uppbyggingar samkeppnishæfs flutningskerfis á Vestfjörðum er á annan tug milljarða króna. Atvinnustefna sem byggist á hægfare aukningu og fjölbreyttri starfsemi gæti greitt fyrir uppbyggingu á löngum tíma en þá þurfa stjórnvöld að veita Landsneti ábyrgð til að mæta fjármagnskostnaði vegna uppbyggingarinnar. Veruleg aukning á raforkuframleiðslu innan Vestfjarða gæti verið sú lausn sem heggur á þennan hnút en óvissa ríkir nú um hvort virkjunarkostir Vestfirðinga verði nýttir. Því þurfa stjórnvöld að grípa inn í til að jafna stöðu þeirra og annarra landsmanna, enda hljóta öll byggðarlög að eiga heimtingu á forsvaranlegu afhendingaröryggi rafmagns.

Flutningsmenn telja því nauðsynlegt að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að tryggja Vestfirðingum sama afhendingaröryggi rafmagns og öðrum landsmönnum með því að koma á hringtengingu rafmagns á Vestfjörðum.